



Alþýðusamband Íslands

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. mars 2020
Tilvísun: 202004-0021

Mál 664 - atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa (minnkað starfshlutfall)

Alþýðusamband Íslands óskar eftir að meðfylgjandi gögn sem velferðarnefnd Alþingis voru afhent í gær, 17. mars, verði sett á vef Alþingis sem umsögn Alþýðusambandsins.

Virðingarfyllt,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt:

- Minnisblað - Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóður launa (aðstæður á vinnumarkaði), 664. mál.
- Breytingar á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar - Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli - Áherslur ASÍ



Breytingar á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli

Áherslur ASÍ

Velferðarnefnd Alþingis

17. mars 2020

Ágallar frumvarpsins



- Samanlögð laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur geta aldrei orðið hærri en 80% af launum.
 - Fyrir einstakling á lægstu launum – Heildartekjur fyrir skatt fara úr 317.000 í þýðir þetta að tæplega 254.000 kr.
 - Einstakling með 400.000 kr. laun á mánuði í 320.000.
 - **Þessir hópar geta ekki tekið á sig slíka lækkun tekna**
- Einstaklingur sem fer úr 100% starfi í 80% starf fær engar bætur vegna skerðingar á starfshlutfalli – tekur alla skerðinguna á sig óháð hversu lág laun viðkomandi hefur.
- Nýtist ekki í fyrirtækjum sem vegna mikils samdráttar sjá ekki fram á að geta haldið starfsfólki í a.m.k. 50% starfi.
- 650.000 kr. hámarkið umtalsvert lægra en meðaltal heildarlauna á vinnumarkaði sem áætluð eru um 770. 000.

Áherslur ASÍ




- Fallið verði frá ákvæði um að laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur geti aldri numið hærri fjárhæð en 80% af meðaltali heildarlauna. **Þetta telur ASÍ grundvallar atriði til þess að verja afkomu tekjulægra launfólks við núverandi aðstæður.**
- Skilyrði um starfshlutfall verði rýmkað þannig að úrræðið nýtist þeim sem eru í að lágmarki 25% starfshlutfalli. **Þetta er mikilvægt til að tryggja að fyrirtæki geti haldið ráðningarsambandi við fleira launafólki en ella.**
- ASÍ telur að hámark atvinnuleysisbóta og launa skuli fara í a.m.k. 800.000

Frumvarp ríkisstjórnar


Starfshlutfall lækkar úr 100% í 80%

Enginn stuðningur frá atvinnuleyistryggingum



Tillaga ASÍ


Starfshlutfall lækkar úr 100% í 80%



Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ

Starfshlutfall lækkar úr 100% í 80%

Hlutfall af fyrri launum



Laun í skertu starfshlutfalli og hlutabætur atvinnuleysisstrygginga -
Hlutfall af launum fyrir skerðingu


Frumvarp ríkisstjórnar

Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur atvinnuleysisstrygginga

- Laun í skertu starfshlutfalli
- Hlutabætur frá Atvinnuleysisstryggingum




Laun án skerðingar starfshlutfalls

Tillaga ASÍ

Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur atvinnuleysisstrygginga




Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ

Starfshlutfall lækkar í úr 100% í 50%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur
atvinnuleysisstrygginga - samtals




Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ
Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50%
Hlutfall af fyrri launum



Laun í skertu starfshlutfalli og hlutabætur atvinnuleysistrygginga

- Hlutfall af launum fyrir skerðingu




Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ

Starfshlutfall lækkar í úr 100% í 25%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur
atvinnuleysistrygginga - samtals




Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ

Starfshlutfall lækkar úr 100% í 25%

Hlutfall af fyrri launum



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur atvinnuleysistrygginga - samtals





Takk fyrir



Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (aðstæður á vinnumarkaði), 664. mál.

Mikil óvissa ríkir nú á íslenskum vinnumarkaði eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri vegna kórónuveirunnar. Nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í ferðapjónustu og tengdum atvinnugreinum og stöðugt berast upplýsingar um aðgerðir sem leiða til frekari samdráttar. Hér er um fordæmalausar og tímabundnar aðstæður á vinnumarkaði að ræða sem mikilvægt er að bregðast við af festu og framsýni.

Sameiginlegt markmið okkar er að verja launafólk og fyrirtæki vegna tímabundinna áfalla þannig að einstaklingar verði fyrir sem minnstum skaða, bæði fjárhagslegum og félagslegum, og að fyrirtæki komist í gegnum tímabundinn samdrátt og komi sterk til baka þegar úr rætist. Þar má læra margt af aðgerðum sem gripið var til framhaldi af Hrunið 2008 og þeim lærdómi sem draga má af þeim.

Í framhaldi af samtölum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins var Alþýðusambandinu kynnt 13. mars frumvarp til laga um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli, en hliðstæð aðgerð hafa áður reynst vel. Samtök launafólks lýstu yfir stuðningi við frumvarpið, með fyrirvara um hámark samanlagðra greiðslna um á kr. 650.000.

Frumvarp sem dreift hefur verið á Alþingi (664. mál) vikur í veigamiklu atriði frá það frumvarp sem áður hafði verið kynnt. Þar er komið inn ákvæði um að laun frá atvinnurekanda og greiðslur atvinnuleysisbóta samanlagt geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en 80% af meðaltali heildarlauna launamanns.“ Slíkt hámark var ekki í fyrri útgáfu frumvarpsins. Þessi breyting felur í sér verulega breytingu á rétti þess launafólks sem boðið verður að taka á sig skert starfshlutfall á móti hlutabótum úr atvinnuleysistryggingasjóði. Það á sérstaklega við um lágtekjufólk og fólk með lægri millitekjur sem þolir síst af öllu tekjusamdrátt. Mikilvægt er að það geti staðið við skuldbindingar sínar. Þá er mikilvægt að tímabundinn samdráttur nú verði ekki dýpkaður enn frekar með aðgerðum sem draga verulega úr kaupmætti almennings og hægja enn frekar á hjólum atvinnulífsins.

Að óbreyttu mun Alþýðusambandið ekki geta mælt með því við félagsmenn aðildarféлага sinna að þeir taki á sig skerðingu á starfshlutfalli með þeirri tekjuskerðingu sem núverandi frumvarp felur í sér.

Í ljósi nýjustu upplýsinga um fyrir séðan samdrátt í ferðapjónustunni og tengdum greinum er Alþýðusambandið tilbúið til að fallast á að starfshlutfalli verði tímabundið minnkað niður í 25% við mjög sérstakar aðstæður, þar sem skerðing niður í 50% dugar ekki.



Samantekið:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að:

- Atvinnuleysisbætur greiðist á móti skertu starfshlutfalli þegar starfshlutfall lækkar um a.m.k. 20% og launamaður sé í að lágmarki 50% starfi.
- Hlutabætur greiðist í réttu hlutfalli við hið skerta starfshlutfall, þó þannig að laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en 80% af meðaltali heildarlauna en þó að hámarki 650.00.

Áhrif frumvarpsins eru að:


- Einstaklingur sem fer úr 100% starfi í 80% starf fær engar bætur vegna skerðingar á starfshlutfalli – tekur alla skerðinguna á sig óháð hversu lág laun viðkomandi hefur.
- Samanlögð laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur geta aldrei orðið hærri en 80% af launum viðkomandi. Fyrir einstakling á lægstu launum þýðir þetta að heildartekjur fyrir skatta fara úr 317.000 í tæplega 254.000 kr. á mánuði og fyrir einstakling með 400.000 kr. laun á mánuði í 320.000. Þessir hópar geta ekki tekið á sig slíka lækkun tekna.
- Úrræðið nýtist ekki launafólki í fyrirtækjum sem vegna mikils samdráttar sjá ekki fram á að geta haldið starfsfólki í a.m.k. 50% starfi. Því gefst þá ekki kostur á að viðhalda ráðningarsambandinu.
- Sé 650.000 kr. hámarkið á samanlögð laun og hlutabætur atvinnuleysistrygginga sem miðað er við í frumvarpinu sett í samhengi má áætla að meðaltal heildarlauna á vinnumarkaði sé nú um 770.000 mv. Tölur frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2018 uppreiknaðar skv. launavísitölu til 2020.

ASÍ leggur áherslu á að:


- Fallið verði frá ákvæði um að laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur geti aldri numið hærri fjárhæð en 80% af meðaltali heildarlauna. **Þetta telur ASÍ grundvallar atriði til þess að verja afkomu tekjulægra launfólks við núverandi aðstæður.**
- Skilyrði um starfshlutfall verði rýmkað þannig að úrræðið nýtist þeim sem eru í að lágmarki 25% starfshlutfalli. Þetta er mikilvægt til að tryggja að fyrirtæki geti haldið ráðningarsambandi við fleira launafólki en ella.
- 650.000 kr. hámarkið er of lágt. Mikilvægt er að aðgerðin fangi fólk með meðallaun á íslenskum vinnumarkaði. Það þýðir að hámarki fari í 800.000 kr.



Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ
Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50%




Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ
Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50%
Hlutfall af fyrirlaunum






Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ
Starfshlutfall lækkar úr 100% í 25%



Samanburður á frumvarpi ríkisstjórnar og tillögu ASÍ
Starfshlutfall lækkar úr 100% í 25%
Hlutfall af fyrri launum





Minnisblað um réttarstöðu fiskvinnslufólks við samdrátt hjá fiskvinnslufyrirtækjum

Við setningu laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (minnkað starfshlutfall) lýstu aðilar vinnumarkaðarins efasemdum með að undanskilja fiskverkafólk sem nýtur kauptryggingar og fiskvinnslufyrirtæki frá ákvæðum laganna. Þar segir í 6. mgr. 1. gr.:

„Ákvæði þetta á ekki við um launamenn sem njóta réttar til kauptryggingar og starfa hjá vinnuveitanda sem á rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði í tímabundinni vinnslustöðvun á grundvelli laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.“

Áhyggjur aðila lutu að því að hvorki fiskvinnslufólk né fiskvinnslufyrirtæki stæðu jafnfætis öðrum fyrirtækjum og launafólki sem geta nýtt ákvæði laganna um bætur vegna skerts starfshlutfalls.

Í nefndarálitum voru þessar áhyggjur ávarpaðar þannig:

„Samkvæmt 6. mgr. a-liðar 1. gr. frumvarpsins gildir ákvæðið ekki um launamenn sem njóta réttar til kauptryggingar og starfa hjá vinnuveitanda sem á rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði í tímabundinni vinnslustöðvun á grundvelli laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, nr. 51/1995. Nefndin hefur verið fullvissuð um að launafólk sem heyrir undir þessi lög verði ekki verr sett en annað launafólk eftir gildistöku þessa frumvarps. Þetta megi eftir atvikum tryggja með breytingu á reglugerð nr. 556/2004 þannig að fyrirtækjum í sjávarútvegi verði búnir sambærilegir möguleikar til rekstrarákvæðana og fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum. Nefndin telur þennan skilning vera forsendu þess að ákvæði 6. mgr. a-liðar 1. gr. frumvarpsins eigi rétt á sér.“

Við frekari skoðun hefur komið í ljós að fiskverkafólk nýtur alls ekki sömu réttinda og annað launafólk eins og löggin eru núna. Þannig á það aðeins rétt á kauptryggingu sem er um 300.000 kr. miðað við fullan mánuð á meðan löggin um atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli tryggja launafólki óskertar greiðslur upp að 400.000 kr. og greiðslur með skerðingum upp að 700.000 kr. Þá gera lög nr. 57/1995 ráð fyrir að vinnsla sé stöðvuð að öllu leyti eða að stærstum hluta. Einnig að fyrirtækin beri kostnaðinn fyrstu 5 dagana. Sérstaklega hefur verið skoðað hvort hægt er að tryggja jafnræði sem velferðarnefnd lagði áherslu á með breytingum á reglugerð nr. 556/2004. Niðurstaðan er að slíkt sé ómögulegt.

Frá því löggin voru sett hefur samkomubann verið hert þannig að miklar takmarkanir eru settar á möguleika fiskvinnslufyrirtækja til þess að halda uppi þeirri vinnslu sem allir eru sammála um að brýna nauðsyn beri að halda uppi eins lengi og hægt er. Framangreint samkomubann felur í reynd í sér að brostnar forsendur eru fyrir því að fiskvinnufyrirtæki séu undanþegin ákvæðum fyrrgreindra laga. Fyrirtækin standa nú frammi fyrir því að hætta með öllu vinnslu eða draga verulega úr henni. Úr þessu er ekki hægt að bæta með breytingum á reglugerð 556/2004.



Í ljósi framanritaðs er lagt til að 6. mgr. 1. gr. verði felld út. Með því að fella ákvæðið úr núgildandi lögum með því frumvarpi að lögum sem nú er til meðferðar má tryggja það jafnræði launafólks og fyrirtækja og þann sveigjanleika sem fiskvinnslunni er nauðsynleg til þess að halda uppi vinnslu við ríkjandi aðstæður og tryggja afkomu fiskverkafólks.

Reykjavík, 25.3.2020

F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA

Velferðarnefnd Alþingis,
Nefndasviði Austurstræti 8 – 10
Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020

Efni: Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og á lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall), þskj. 1128 – 664. mál á 150. löggjafarþingi.

Bandalag háskólamanna (BHM) fagnar fram komnu frumvarpi félags- og barnamálaráðherra þar sem vinnuveitendum er gert kleift að minnka starfshlutfall starfsfólks tímundið og launatap greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Til samræmis er lagt til að breyta viðmiðum Ábyrgðarsjóðs launa þannig að þessar aðgerðir verði ekki til þess að lækka kröfu ef fyrirtæki fara í þrot.

BHM gerir athugasemd við að sett sé hámark – 650 þúsund krónur – á greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði við þessar aðstæður. Það getur leitt til þess að úrræðið nýtist ekki sem skyldi á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu er ákvæði um sjálfstætt starfandi einstaklinga á vinnumarkaði. Þar er þeim gert kleift að tilkynna *verulegan samdrátt í rekstri* og breytingu á reiknuðu endurgjaldi, þannig að þau geti öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Þá daga sem sjálfstætt starfandi einstaklingur er verkefnalaus skal hann tilkynna Vinnumálastofnun þar um. Ætla má að þetta ákvæði komi til móts við ýmsa hópa sjálfstætt starfandi einstaklinga á vinnumarkaði.

Stórir hópar innan aðildarfélaga BHM munu verða fyrir verulega miklum áhrifum af ákvörðunum sem leiða af neyðarstigi almannavarna vegna COVID19-faraldursins, s.s. leikarar, hljómlistarmenn, leikstjórar, myndlistarmenn, sjúkraþjálfarar og fleiri sem hafa lifibrauð sitt af sjálfstæðum rekstri. Margir í þessum hópi búa nú þegar við ótryggt ráðningarsamband og

óörugga verkefnastöðu. Tekjur þeirra eru óreglulegar og því nokkrum erfiðleikum bundið á áætla þær langt fram í tímann. Fyrir þennan hóp er vandkvæðum bundið að standa mánaðarlega skil á staðgreiðslu til skattsins vegna reiknaðs endurgjalds. Ákjósanlegast væri að hanna sérsniðna lausn fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga og hrinda henni í framkvæmd á komandi mánuðum. Að öðrum kosti verður þessi hópur fyrir miklum tekjumissi vegna samkomubannsins og samdráttar í efnahagslífinu af völdum heimsfaraldursins.

Brýnt er að lagabreytingin sé þannig gerð að hægt sé að breyta reglugerðum á grunni hennar í framhaldinu. Þannig er sá möguleiki fyrir hendi að koma til móts við hópa sem lenda í ófyrirsjáanlegum aðstæðum vegna samdráttar í atvinnulífinu.

BHM styður afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Umsögn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagsins Frami til Velferðarnefndar.

Þingskjal 1128. 664. mál lagafrumvarp

150. Löggjafarþing 2019-2020

Reykjavík 19. marz 2020

Umsögn

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagið Frami, vilja benda Velferðarnefnd Alþingis á þær aðstæður sem hafa skapast hjá leigubifreiðastjórum í ástandi Covid-19.

Umsögn þessi varðar breytingu til bráðabirgða í 1.gr, b.(XIV)

Allir vita að leigubifreiðar þurfa að vera til staðar allan sólarhringinn alla daga ársins og eru það svo sannarlega. Nú hefur samdrátturinn í samfélaginu náð því stigi að tekjur leigubifreiða ná ekki fyrir rekstrarkostnaði það sem af er af marzmánuði 2020. Því er starf leigubifreiðastjóra launalaust eins og staðan er um þessar mundir. Útlit er fyrir að ástandið muni vara í einhverja mánuði og síður en svo batnandi. Leigubifreiðastjórar telja sig eiga rétt á atvinnuleysisbótum eins og aðrir sjálfstætt starfandi aðilar, þó án þess að hætta tímabundið rekstri, því þjónustunni verður óneitanlega að halda áfram.

Beðið er um að taka tillit til þessa sjónarmiðs og leita einhverra lausna.

f.h. BÍLS og Frami

Daníel Orri Einarsson formaður

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa, 664 mál.

BSRB vill koma á framfæri athugasemdum sínum við ofangreint frumvarp og óskar eftir því að umsögn bandalagsins verði tekin til umfjöllunar hjá velferðarnefnd Alþingis. Frumvarpið felur í sér viðbrögð stjórnvalda við þeim fordæmalausu aðstæðum sem nú eru uppi vegna heimsfaraldurs kóróna veiru (Sars-CoV-2) sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Gríðarleg óvissa er uppi vegna faraldursins og mikill samdráttur hefur átt sér stað að undanförmu, en fyrirséð er að það ástand haldi áfram tímabundið á meðan faraldurinn geisar hér á landi.

BSRB lýsir því yfir stuðningi við frumvarpið, en gerir þó eftirfarandi athugasemdir:

BSRB telur 650.000 kr. hámarksfjárhæð frumvarpsins of lága. Meðallaun á Íslandi eru 770.000 kr. samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2018 uppreiknaðar samkvæmt launavísitölu til ársins í ár og telur BSRB mikilvægt að úrræðið nái til einstaklinga á meðaltekjum. BSRB telur því að fjárhæðin eigi að vera 800.000 kr.

BSRB telur samanlagðar greiðslur frá atvinnurekanda og atvinnuleysisbætur eigi ekki að miðast við 80% af meðaltali heildarlauna launamanns, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir, heldur 100% heildarlauna. Efni frumvarpsins var kynnt samtökum launafólks þann 13. mars sl. og þar var gert ráð fyrir 100% greiðslum upp að tiltekinni hámarksfjárhæð. Þar lýsti bandalagið yfir stuðningi sínum en síðan sú kynning var haldin hefur hlutfallið verið lækkað niður í 80%. Það getur BSRB ekki sætt sig við, enda er stór hluti launafólks í þeirri stöðu að ná ekki endum saman séu tekjur þeirra skertar með þessum hætti.

Að lokum telur BSRB það lágmarks starfshlutfall sem frumvarpið mælir fyrir um svo launamaður geti nýtt sér úrræðið of hátt. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lágmarki 50% starfshlutfalli en BSRB gerir tillögu um að frumvarpið mæli fyrir um að lágmarki 25% starfshlutfall, enda þá tryggt að þetta nauðsynlega úrræði nýtist sem flestum.

Að öðru leyti lýsir BSRB yfir stuðningi sínum við efni frumvarpsins.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
B.t. Velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kópavogi, 17. mars 2020

Efni: Þingskjal 1128 - 664. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020.

Umsögn/Breytingartillögur við framlagt stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall).

Vísað er til stjórnarfrumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall), sbr. þingskjal 1128 – 664. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020. Frumvarpið hefur farið í umræðu á Alþingi og liggur nú hjá velferðarnefnd en verður ekki lagt í hefðbundið umsagnarferli.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) styður í meginatriðum frumvarpið og telur markmið þess mikilvæg í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi, þ.e. að leitast verði við að aðstoða fyrirtæki við að halda ráðningarsambandi við starfsfólk sitt þar til aðstæður skýrast með því að lækka starfshlutföll þeirra í stað þess að grípa til uppsagna. Hlýtur það að teljast samfélaginu öllu til heilla að sem flestir haldi ráðningarsambandi við vinnuveitanda sinn. FÍA telur engu að síður nauðsynlegt að leggja fram eftirfarandi tillögur til breytinga á frumvarpinu svo markmið þess nái fram að ganga. Máli FÍA til stuðnings hefur einnig verið sett fram neðangreind tafla sem nánar verður útskýrð í rökstuðningi með breytingartillögum þessum.

FÍA hefur einnig verið í samtali við aðra aðila á vinnumarkaði s.s. VR, FFI, FVFI og fleiri vegna stöðu mála, þ.e. vegna þeirrar óvissu sem þar ríkir eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri vegna kórónuveirunnar (SARS-CoV-2), og njóta breytingartillögur félagsins fulls stuðnings þeirra.



Breytingartillögur

1. gr.

Í stað:

„Greiðslur atvinnuleysisbóta skv. 1.mgr. skulu nema hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta í réttu hlutfalli við hið skerta starfshlutfall“

Komi:

„Greiðslur atvinnuleysisbóta skv. 1.mgr. skulu nema hámarki atvinnuleysisbóta.“

Í stað:

„Þrátt fyrir 2. mgr. skulu laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall og atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu samanlagt aldrei nema hærri fjárhæð en 650.000 kr. á mánuði“

Komi:

“Þrátt fyrir 2.mgr. skulu atvinnuleysisbætur að hámarki vera 456.404 kr. á mánuði.“



Rökstuðningur:

- Um tímabundna ráðstöfun er að ræða, einskona brú til skemmri tíma en ekki varanlega ráðstöfun.
 - Með því að fella út hámarkssamtölu launa og bótafjárhæðar 650.000 kr en tiltaka einungis hámark bótafjárhæðar, aukast líkur á þáttöku í úrræðinu og fleiri aðilar munu halda starfi með þáttöku atvinnurekenda.
 - Með því að fá einstaklinga á hærri launum, yfir miðgildi (650.000) verjum við störf og atvinnuþáttöku sem er í samræmi við markmiðssetningu laganna að halda fólki í ráðningarsambandi.
 - Þessir einstaklingar myndu að öðrum kosti missa starf sitt að fullu og leggjast af fullum þunga á Ábyrgðasjóð launa án þess að móttframlag atvinnurekenda kæmi til.
 - Þessi tiltekni hópur greiðir nú og hefur um langan tíma greitt af launum sínum skatta og gjöld til samfélagsins. Þeir ættu því að njóta bótaréttar til jafns við aðra í þennan stutta tíma.
 - Í neðangreindri töflu eru tekin skýringardæmi þar sem tekjuhópum er stillt upp með 100.000 kr millibili frá 400. þús uppí 2 milljónir. Þar er stillt upp tveimur birtingarmyndum, annarsvegar frumvarpið svohljóðandi og hinsvegar með breyttum forsendum. Reiknuð eru laun og bætur launþega ásamt áhrifum á kostnað(bætur) og tekjur (skatta) ríkissjóðs.
-
- Í fyrri myndinni er miðað við frumvarpið óbreytt. Það er reiknað með lágmarks lækkun starfshlutfalls um 20% þ.e. 80% starf en lágmarksstarfshlutfall skuli vera 50% starf. Hámarks fjárhæð samtölu bóta og eftirstæðra launa fyrir hið nýja starfshlutfall skuli vera 650.000 kr
 - Þar má sjá að með 650.000 kr hámarkstekjum verður stórum hópi millitekjufólks mismunað. Launafólk undir 800 þúsundum í heildarlaun fær fullar bætur. Ráðstöfunartekjur þess fólks munu haldast óskertar. Sá hópur sem hefur yfir 800 þúsund í heildarlaun skerðist hratt og við 1300 þúsund krónur og yfir nýtur fólk engra bóta frá ríkinu.
 - Þessi hópur launafólks greiðir hæst hlutfall skatta hvort sem miðað er við krónutölu eða hlutfall launa og því er það sanngirnissjónarmið að þetta fólk sitji við sama borð og aðrir hópar þegar kemur að rétti til bótafjárhæða.
-
- Í þeirri seinni er lögð til breyting uppreiknuð á sama hátt en forsendum er breytt. Þar er gert ráð fyrir að allir sem gætu fallið undir ákvæði þessara laga njóti jafnræðis. Þannig geti launþegar nýtt sér atvinnuleysisbætur að fullu til móts við núgildandi laun. Með þessum hætti verður hægt að mæta mun breiðari hópi fólks, einkum millitekjuhópum. Fólk með há laun mun hinsvegar taka skerðingu á ráðstöfunartekjum eftir að hámarki bóta er náð.



- Með breytingunni er sýnt fram á, að með breyttum forsendum munu millitekjuhópar halda tekjum upp að 1600 þúsundum.
- Þessi hópur mun því halda áfram að skila sköttum og gjöldum til samfélagsins og halda ráðningasambandi sínu sem er í samræmi við markmiðssetningu laganna.
- Þessi hópur launafólks mundi að öðrum kosti mögulega leggjast af fullum þunga á bótakerfið og þiggja sömu bótafjárhæð án mótramlags til samfélagsins.
- Mikilvægt er að hafa í huga að um stuttan tíma er að ræða og mikilvægt að missa ekki þennan hóp úr virðiskeðju samfélagsins.
- Áframhaldandi þáttaka þessa hóps í atvinnulífinu eykur líkur á öflugri viðspyrnu þegar Covid-19 faraldurinn er um garð genginn.
- Um mjög mörg verðmæt störf er að ræða. Sem dæmi má nefna störf í flugiðnaði. Samkvæmt skýrslu um efnahagslegan ábata af flugstarfsemi á Íslandi (Oxford economics) eru störf í þeim iðnaði 70% umfram meðalframleiðni annara starfa á Íslandi.

Tafla 1 óbreytt frumvarp


Frumvarp																	
Laun	400	500	600	700	800	900	1000	1100	1200	1300	1400	1500	1600	1700	1800	1900	2000
80%	320	400	480	560	640	720	800	880	960	1040	1120	1200	1280	1360	1440	1520	1600
Hlutfall starfs	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%
Hlutastarf	200	250	300	350	400	450	500	550	600	650	700	750	800	850	900	950	1000
Bætur	120	150	180	210	228	200	150	100	50	0	0	0	0	0	0	0	0
	30%	30%	30%	30%	29%	22%	15%	9%	4%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Laun	320	400	480	560	628	650	650	650	650	650	700	750	800	850	900	950	1000
Skattar	57	87	116	146	171	179	179	179	179	198	217	235	254	272	291	315	
Kostnaður ríki	63	63	64	64	57	21	-29	-79	-129	-179	-198	-217	-235	-254	-272	-291	-315
Lækkun launa	-20%	-20%	-20%	-20%	-22%	-28%	-35%	-41%	-46%	-50%	-50%	-50%	-50%	-50%	-50%	-50%	-50%

Tafla 2 breytt frumvarp


Tillaga																	
Laun	400	500	600	700	800	900	1000	1100	1200	1300	1400	1500	1600	1700	1800	1900	2000
80%	320	400	480	560	640	720	800	880	960	1040	1120	1200	1280	1360	1440	1520	1600
Hlutfall starfs	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%
Hlutastarf	200	250	300	350	400	450	500	550	600	650	700	750	800	850	900	950	1000
Bætur	120	150	180	210	240	270	300	330	360	390	420	450	456	456	456	456	456
	30%	30%	30%	30%	30%	30%	30%	30%	30%	30%	30%	30%	29%	27%	25%	24%	23%
Laun	320	400	480	560	640	720	800	880	960	1040	1120	1200	1256	1306	1356	1406	1456
Skattar	57	87	116	146	176	206	235	265	296	333	370	407	433	456	479	502	525
Kostnaður ríki	63	63	64	64	64	64	65	65	64	57	50	43	23	0	-23	-46	-69
Lækkun launa	-20%	-20%	-20%	-20%	20%	20%	20%	20%	20%	20%	20%	20%	22%	23%	25%	26%	27%



Tafla 3 skýringarmynd



Tafla 4 íslenskur flugiðnaður



F.h. Félags íslenskra atvinnuflugmanna

Jón Þór Þorvaldsson, formaður

Félag íslenskra atvinnuflugmanna
Icelandic Airline Pilots' Association
Hlíðasmára 8, 200, Kópavogur

Velferðanefnd Alþingis
Nefndarsviði Austurstræti 8-10
Reykjavík

Hafnarfjörður 18. Mars 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrðasjóð launa (minnkað starfshlutfall).

Fyrir hönd ferðaþjónustufyrirtækisins GoNorth ehf, kt 480710-0370 fagna ég fram komnu frumvarpi og vona að afgreiðslu þess verði lokið á allra næstu dögum.

GoNorth er ein af fjölmörgum ferðaþjónustufyrirtækjum, sem verður fyrir gríðarlegu höggi þessa dagana. Okkar starfsemi er framkvæmd íslandsferða, fyrir erlendar ferðaskrifstofur, sem selja þær ferðir til sinna farþega. Lang flestir viðskiptavinir okkar eru frá Evrópusambandslöndum, Bretlandi og Bandaríkjunum. Frá því síðastliðin sunnudag hafa okkur eingöngu borist afbókanir, nú er búið að afbóka allar ferðir með ferðadagsetningum 15.mars til og með 6.apríl og viðbúið að afbókanir ferða út apríl og jafnvel lengur berist á næstu dögum. Þetta þýðir að skrifstofan verður tekjulaus þetta tímabil, þar sem við fáum aðeins greitt fyrir þá þjónustu sem veitt er (í samræmi við lög um skipan ferðamála).

Fram komið frumvarp, ef það verður samþykkt, mun nýtast okkar starfsemi og við munum grípa til þess að draga úr starfshlutfalli, frekar en segja upp starfsmönnum. Enda fyrirsjáanlegt að ef engir gestir koma til landsins, verður verulegur samdráttur í verkefnum.

Sú athugasemd sem ég vil koma á framfæri varðandi frumvarpið er 80% reglan, að samanlagðar greiðslur frá vinnuveitenda og úr atvinnutryggingarsjóði geti aldrei numið hærrí fjárhæð en 80% af meðaltali heildarlauna launamanns. Þessi regla mun þýða 20% tekjuskerðingu launamanna. Flestar launakannanir hafa sýnt að ferðaþjónustan er ekki hálaunastétt, og það mun hafa veruleg áhrif á afkomu launþega að tekjur þeirra skerðist af völdum þessa 80% þaks. Það má jafnvel leiða að því líkum að skerðing launa við 80% þakið valdi tregðu launamanna til að fallast á þessa lausn, og þrýsti vinnuveitenda þar með út í uppsagnir.

Ég tel gríðarlega mikilvægt að falla frá 80% þakinu, en skil hins vegar nauðsyn þess að einhver takmörk séu, og finnst því eðlilegt að sett sé krónutölupak á greiðslur úr atvinnutryggingarsjóði.

Virðingarfyllst



Unnur Svavarsdóttir

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 17. mars 2020

Umsögn LÍS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa, 664. mál.

Samfélagið allt er að aðlagast fordæmalausu ástandi vegna heimsfaraldurs COVID-19 sem og samkomu- og ferðabannsins sem faraldrinum hefur fylgt. Hann hefur víðtæk áhrif, þar á meðal á fjárhagsöryggi stúdenta. Á tímum sem þessum er nauðsynlegt að stjórnvöld grípi til aðgerða til þess að lágmarka neikvæð áhrif faraldursins á hagkerfið. Það er því fagnaðarefni að sjá bæði frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa sem og frumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví. Í báðum frumvörpum þyrfti þó að taka sérstakt tillit til stúdenta en slíkt tillit er ekki að finna í frumvörpunum eins og þau líta út í dag.

Stúdentar hérlendis treysta á tekjur í hlutastarfi til þess að framfleyta sér meðfram námi og vinna mun meira en kollegar þeirra í nágrannalöndum eins og margumrædd könnun EUROSTUDENT VI leiddi í ljós. Rúmur helmingur stúdenta vinnur allt skólaárið og kom einnig fram í niðurstöðum könnunarinnar að 71% þeirra sem vinna með námi gera það að öllu eða miklu leyti til þess að eiga efni á námi¹.

Nú vofir COVID-19 váin yfir vinnandi stúdentum sem eiga mögulega margir von á að missa vinnuna vegna faraldursins. Stúdentar eiga almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum og eru þeir stúdentar sem eru bæði í námi og vinnu því undanskildir þeim björgum sem frumvarpið færir. Í ljósi þeirra fordæmalausu aðstæðna sem COVID-19 faraldurinn hefur í för með sér væri eðlilegt að stúdentum væri tryggður sami réttur og öðrum launamönnum og þeir gætu sótt í sambærilegan sjóð og þeir sem sækja í atvinnuleysistryggingasjóð ákveði vinnuveitandi að minnka starfshlutfall þeirra eða skera niður þær vaktir sem þeim höfðu verið lofaðar.

¹ Sjá niðurstöður EUROSTUDENT VI á bls. 16 og 17 hér:
<https://www.stiornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2d86daef-4fb1-11e8-942b-005056bc530c>

Svipaða sögu má segja af frumvarpi til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir. Í frumvarpinu þarf að vera skýrt að stúdentum sem sinna hlutastörfum og eru jafnvel ekki með fast hlutastarf heldur breytilegar vaktir, sé tryggður sami réttur og öðrum. Greiðslur þurfa þá að vera framkvæmdar með tilliti til áður fyrirhugaðra vakta.

LÍS þakka fyrir skjót viðbrögð stjórnvalda sem miða að því að lágmarka áhrif COVID-19 faraldursins á íslenskt hagkerfi og vonast til þess að aðgerðirnar verði stúdentum í hag, rétt eins og öðrum samfélagsþegnum.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,



Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10

Sent á nefndasvid@althingi.is
Samrit sent á félags- og jafnréttismálaráðherra

Reykjavík, 19.mars 2020

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og á lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall), þskj. 1128 – 664. Mál á 150. Löggjafarþingi

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna, fagnar því að sértækar ráðstafanir verði gerðar nú á þessum óvenjulegu tímum, en vill koma á framfæri miklum áhyggjum af stöðu félagsmanna sinna.

Staða leiðsögumanna á vinnumarkaði er mjög veik. Ráðningarsambandi flestra leiðsögumanna við vinnuveitendur má líkja við daglaunamenn hér áður þar sem leiðsögumenn eru ráðnir í ferð sem getur varað frá nokkrum klukkustundum upp í nokkra daga og jafnvel vikur. Engin laun eru greidd á milli ferða og er atvinnurekendum heimilt að fella niður ferð með allt niður í 24 stunda fyrirvara án þess að greiðsla komi fyrir. Má því líkja þessu við að vinna er í boði þegar aflast en enginn vinna né afkomutrygging þegar aflabrestur ríkir og bera leiðsögumenn tjónið einhliða.

Fæstir leiðsögumanna eru með fast ráðningasamband við sinn atvinnurekanda. Ferðaráðningar er meginreglan og starfa félagsmenn fyrir margar ferðaskrifstofur, ýmist sem launþegar eða verktakar. Uppsagnarfrestur er enginn og atvinnuöryggi ekkert.

Ferðaráðnir leiðsögumenn vinna á öllum tímum sólarhrings, allt eftir þörfum verkkaupa. Stundum eru þeir ráðnir í langar ferðir og tímafjöldi vinnuframlags yfir tímabilið misjafn. Ferð getur hafist klukkan fimm að morgni er ferðamenn eru sóttir á flugvöll, farþegar næsta dag í hvíld og því engin vinna, á þriðja degi er síðan fjögurra til fimm tíma ferð í Bláa lónið, svo sex daga törn þar sem gíst er fjarri heimili, en eingöngu metið og greitt sem 11 klst. vinna á dag. Síðasti dagur ferðar fælist svo í að koma farþegum á flugvöll. Leiðsögumaður er þó bundinn þessa daga og getur ekki tekið að sér aðra vinnu á meðan. Þá er að sjálfsgögðu einnig unnið um helgar og á lögbundum frídögum.

Margir leiðsögumenn hafa, nú eðli málsins samkvæmt skráð sig atvinnulausa og beðið ferðaskipuleggjendur að skila gögnum um starfshlutfall til Vinnumálastofnunar. Komið hefur í ljós að útreikningur á starfshlutfalli leiðsögumanna er tilviljanakenndur eftir fyrirtækjum. Flestir virðast fara þá leið að telja unna tíma á hverju almanaksári. Með þeirri reikningsaðferð ná nánast engir ferðaráðnir leiðsögumenn 100% starfshlutfalli. Með öðrum orðum, það er ekkert samhengi á milli tryggingargjalds sem greitt er af heildarlaunum félagsmanns og áunnina réttinda til atvinnuleysisbóta. Veldur þetta gríðarlegu óöryggi meðal félagsmanna okkar.

Leiðsögn telur því rétt að skoða aðrar sértækar leiðir. T.d. mætti miða við að ef leiðsögumaður nær lágmarks mánaðartaxta að meðaltali s.l. 12 mánuði og af því verið greidd tekjutrygging þá sé það metið sem 100% vinna. Nauðsynlegt er að skoða allt tímabilið þ.e. ekki mánuð fyrir mánuð því ferðaþjónustan er sveiflukennð grein, sem fylgir árstíðum og fríum erlendra ferðamanna. Þ.a.l. geta leiðsögumenn haft stopula vinna einhverja mánuði, undir lágmarkstekjum, en mjög mikla yfirvinnu aðra mánuði.

Einnig mætti skoða önnur úrræði t.d. borgaralaun eða aðra útfærslu. Bera má bera störf og stöðu ferðaráðinna leiðsögumanna við stöðu listamanna og ef til vill væri rétt að skoða sérstök úrræði eða lausn sameiginlega fyrir þessa hópa.

Rétt er að benda á að ferðþjónustan tók við mörgum sem voru á atvinnuleysissskrá eftir síðasta hrun og er nú stærsta atvinnugrein landsins. Starf leiðsögumannsins hefur því orðið að heilsársstarfi hundruða manna. Eitt og annað hefur verið gert í kjarasamningum til að styrkja almennan kjarasamningsbundinn rétt félagsmanna en lítið borið á því að látið hafi verið á hann reyna, enda nýtur starfið engrar lögverndar og hver sem er þykir til þess hæfur að stýra hópi ferðamanna um landið. Stjórnvöld hafa heykst við að taka á málum ferðþjónustunnar og skapa henni ramma sem tryggir launafólki rétt. Samkeppnin er óeðlileg, mjög mikið um undirborganir og ólöglegar ráðningar.

Vonandi gefa þessir skritnu tímar sem við nú lifum okkur andrými, og kjark, til að setja þessari atvinnugrein ramma og stöðva ástand sem líkist helst villta vestrinu og er í engu samræmi við þann metnað sem við Íslendingar ættum að hafa sem síðað nútímasamfélag.

Fh.stjórnar Leiðsagnar -stéttarfélags leiðsögumanna,

Pétur Gauti Valgeirsson formaður



Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna
Minnisblað fyrir velferðarnefnd eftir fund 22. Maí 2020

Okkar helstu áhersluatriði eru:

1. Leiðsögumenn eru oftast verkefnaráðnir launþegar
2. Nota tekjuárið 2019 sem grundvöll fyrir útreikninga á starfshlutfalli hefðbundinna atvinnuleysisbóta
3. Nota tekjuárið 2019 sem grundvöll fyrir útreikninga á tekjutengingu hefðbundinna atvinnuleysisbóta
4. Stéttarfélag geti gefið út vottorð um starfshlutfall miðað við launataxta kjarasamnings.
5. Einungis síðasti launagreiðandi þurfi að skila inn uppsagnarbréfi (ekki allir á síðasta ári)
6. Lengja tekjutengingartímabilið
7. Hækka grunnbæturnar
8. Hlutableiðin er í raun lenging á tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Til að gæta jafnræðis er eðlilegt að þeir sem **ekki** geti nýtt sér hlutableiðina fái lengt tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta
9. Hver ber kostnað af sóttkví eða einangrun verkefnaráðinna leiðsögumanna

Atriði 2 og 3 er betra að hafa sem valkost, þ.e. umsækjandi um atvinnuleysisbætur má biðja um að tekjuárið sé notað sem viðmið frekar en 6-mánaða reglan.

Þetta gæti komið inn sem bráðabirgðaákvæði vegna COVID19 en endurskoða á heildarlögin og þá gæti þetta komið inn sem varanlegt ákvæði

Umfjöllun:

Staða leiðsögumanna er mjög erfið um þessar mundir og hef ég rökstuddan grun um að engin stétt sé jafn illa stödd og leiðsögumenn. Hjá okkur er enga atvinnu að fá, ekki mikið framundan og atvinnuleysisbótakerfið virkar ekki vel.

Um leið og COVID19 kom upp lokaðist fyrir alla ferðamennsku í heiminum og mörg landamæri lokuðst. Þetta þýddi að enga vinnu var að fá og gerðist það mjög hratt uppúr miðjum mars.

Leiðsögumenn eru oftast **verkefnaráðnir launamenn** og eru því **ekki í föstu ráðningarsambandi** við sína launagreiðendur, heldur ráðnir sérstaklega í hvert verkefni (ferð). Þetta þýðir að það var **enginn uppsagnarfrestur** til að taka fyrsta höggið. Þetta þýðir líka það að flestum leiðsögumönnum stóð þessi ágæta **hlutableið ekki til boða**, enda hvorki í föstu starfshlutfalli né í föstu ráðningarsambandi.

Leiðsögumenn vinna oft fyrir margar ferðaskrifstofur á hverju ári, mismikið fyrir hverja þeirra.

Verkefnin eru mismunandi og geta fallið undir mismunandi álagsgreiðslur. T.d. er greitt sérálag fyrir ökuleiðsögn, sérálag fyrir leiðsögn á fleiri tungumálum og svo framvegis. Þannig getur leiðsögumaður farið sömu ferðina tvo daga í röð á mismunandi kaupum eftir eðli ferðarinnar. **Mikill hluti af vinnu leiðsögumanna fer fram um helgar og á frídögum**, enda er þá auðveldara fyrir ferðamanninn að ferðast. Einnig er mikið um yfirvinnu. Grunntaxtinn er lár og skapa leiðsögumenn sér auknar tekjur með mjög mikilli yfirvinnu. **Vinna er einnig árstíðabundinn**, lang mest að gera um sumar. Einnig eru líka lægri toppar um haust og síðveturs þegar margir koma til að sjá norðurljós. En minnsta vinnu er oftast að fá um háveturinn. Ofan á allt þetta var s.l. vetur erfiður vegna veðurs. Það voru margar viðvaranir í öllum regnbogans litum og vegum lokað. Þá falla niður ferðir og stundum ekki greitt fyrir þær.

Þó að tekjur hvers mánaðar geti verið mjög breytilegar þá er hægt að hafa alveg **ágætis árstekjur** af leiðsögn, og teljum við að það sé eðlilegri grundvöllur fyrir félagsleg réttindi. Leiðsögumenn stilla upp vinnu sinni nokkra mánuði fram í tímann og skipuleggja sig í kringum framboð á vinnu, þar á meðal hvenær orlof er tekið. Flestir leiðsögumenn nota tíma sem ekki er mikið að gera á til að fara í orlof en þegar vinnustundir eru reiknaðar er það ekki tekið með í reikninginn. Sama á við um endurmenntun og önnur námskeið sem margir aðrir taka í vinnutímanum, en leiðsögumenn gera í eigin tíma og oft á eigin kostnað.

Allt þetta má taka saman í eftirfarandi:

Flókin og breytileg vinna, miklar sveiflur í mánaðartekjum. Margir vinnuveitendur. Veik staða varðandi ráðningarform. Tímabundnar ráðningar. Ekki boðið upp á hlutabótaleið.

Vegna þessa hafa leiðsögumenn átt í nokkrum erfiðleikum við að fá sanngjarnar atvinnuleysisbætur. Af tilviljun kemur þessi veira upp í febrúar, hefði þetta gerst í t.d. október, hefði staðan verið önnur og leiðsögumenn með sterkari stöðu.

Vinumálastofnun reiknar út atvinnuleysisbætur miðað við 6 mánaða tímabil. Þetta tímabil er **ekki dæmigert fyrir árstekjur leiðsögumanna**. Á það bæði við um útreikning starfshlutfalls (unnir tímar) og tekjutengingu. Einnig eru sumir leiðsögumenn með blandaðar tekjur, bæði sem launþegar og með eigin rekstur. Vinnumálastofnun hefur átt í miklum erfiðleikum með að vinna úr því. Ennfremur hafa leiðsögumenn verið beðnir um að koma með uppsagnarbréf frá öllum vinnuveitendum á síðasta ári (jafnvel lengra aftur í tímann) en það er ekki eðlileg krafa þegar um tímabundna ráðningu er að ræða. Leiðsögn er oft starf sem fólk fer í eftir miðjan aldur, enda er lífsreynsla mjög góður bakgrunnur fyrir leiðsögumanninn. Margir vinna eins lengi og heilsan leyfir og eru jafnvel komnir yfir sjötugt en samt á vinnumarkaði og með skuldbindingar sem taka mið af því. Þessi hópur á ekki rétt á atvinnuleysisbótum en á rétt á hlutabótum, sem er óskiljanlegt.

Eitt að mikilvægu atriðunum sem rætt er um í frumvarpinu er lenging á viðmiðunartímabil fyrir hlutabætur og við krefjumst þess að hið sama eigi við um hefðbundnar atvinnuleysisbætur. Einnig er lagt til að hlutabótaleiðinni sé framhaldið og þá er eðlilegt að framlengja líka tekjutengingu atvinnuleysisbóta.

Hlutabótaleiðin er í raun framlenging á tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Leiðsögumönnum er ekki boðin hlutabótaleið vegna ráðningarforms og verða þeir því fyrir skertri framfærslu miðað við þá sem eru fastráðnir sem er brot á jafnræðisreglu. Því er eðlilegra að bjóða þeim upp á lengra tímabil tekjutengingar á atvinnuleysisbótum og að þeir geti unnið allt að 25% af tekjum á viðmiðunartímabili án þess að bætur skerðist.

Framundan er að landið opnist og ferðamenn fari að koma aftur og einhver vinna fyrir leiðsögumenn, svo að það er smá vonarglæta í myrkrinu. En hins vegar á alveg eftir að útfæra praktísku hliðina á því, sérstaklega á því hvernig á að taka á því ef smit kemur upp og leiðsögumenn þurfa að fara í sóttkví eða einangrun. Eitt vandamálið er ráðningarformið, til dæmis gæti leiðsögumaður verið ráðinn í dagsferð með erlendan hóp og smit kemur upp svo að allir þurfa að fara í sóttkví. **Hver borgar leiðsögumanninum laun á meðan sóttkví varir?** Á vinnuveitandi að borga fyrir 14 daga sóttkví ef hann ræður leiðsögumann í einn dag?

Til að svara spurningum sem bárust í lok fundar þá má geta þess að Leiðsögn er að vinna að könnun meðal félagsmann til að kortleggja stöðu þeirra. Einnig eru fleiri í sömu stöðu og við, t.d. kvikmyndagerðarmenn, listamenn, tónlistarmenn, sviðslistamenn. En jafnframt stuðningsgreinar þeirra, og margir þeirra eru í Félagi tæknifólks í rafiðnaði (ftr.is) formaður þeirra er Jakob Tryggvason. Við höfum rætt vanda okkar við ASÍ og hefur verið stofnuð ný fastanefnd um sjálfstætt starfandi.

Takk fyrir að bjóða okkur á fund með ykkur og leyfa okkar rödd að heyrast

Pétur Gauti Valgeirsson

Formaður Leiðsagnar

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10

Sent á nefndasvid@althingi.is
Samrit sent á félags- og jafnréttismálaráðherra

Reykjavík, 19.mars 2020

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og á lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall), þskj. 1128 – 664. Mál á 150. Löggjafarþingi

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna, fagnar því að sértækar ráðstafanir verði gerðar nú á þessum óvenjulegu tímum, en vill koma á framfæri miklum áhyggjum af stöðu félagsmanna sinna.

Staða leiðsögumanna á vinnumarkaði er mjög veik. Ráðningarsambandi flestra leiðsögumanna við vinnuveitendur má líkja við daglaunamenn hér áður þar sem leiðsögumenn eru ráðnir í ferð sem getur varað frá nokkrum klukkustundum upp í nokkra daga og jafnvel vikur. Engin laun eru greidd á milli ferða og er atvinnurekendum heimilt að fella niður ferð með allt niður í 24 stunda fyrirvara án þess að greiðsla komi fyrir. Má því líkja þessu við að vinna er í boði þegar aflast en enginn vinna né afkomutrygging þegar aflabrestur ríkir og bera leiðsögumenn tjónið einhliða.

Fæstir leiðsögumanna eru með fast ráðningasamband við sinn atvinnurekanda. Ferðaráðningar er meginreglan og starfa félagsmenn fyrir margar ferðaskrifstofur, ýmist sem launþegar eða verktakar. Uppsagnarfrestur er enginn og atvinnuöryggi ekkert.

Ferðaráðnir leiðsögumenn vinna á öllum tímum sólarhrings, allt eftir þörfum verkkaupa. Stundum eru þeir ráðnir í langar ferðir og tímafjöldi vinnuframlags yfir tímabilið misjafn. Ferð getur hafist klukkan fimm að morgni er ferðamenn eru sóttir á flugvöll, farþegar næsta dag í hvíld og því engin vinna, á þriðja degi er síðan fjögurra til fimm tíma ferð í Bláa lónið, svo sex daga törn þar sem gíst er fjarri heimili, en eingöngu metið og greitt sem 11 klst. vinna á dag. Síðasti dagur ferðar fælist svo í að koma farþegum á flugvöll. Leiðsögumaður er þó bundinn þessa daga og getur ekki tekið að sér aðra vinnu á meðan. Þá er að sjálfsgögðu einnig unnið um helgar og á lögbundum frídögum.

Margir leiðsögumenn hafa, nú eðli málsins samkvæmt skráð sig atvinnulausa og beðið ferðaskipuleggjendur að skila gögnum um starfshlutfall til Vinnumálastofnunar. Komið hefur í ljós að útreikningur á starfshlutfalli leiðsögumanna er tilviljanakenndur eftir fyrirtækjum. Flestir virðast fara þá leið að telja unna tíma á hverju almanaksári. Með þeirri reikningsaðferð ná nánast engir ferðaráðnir leiðsögumenn 100% starfshlutfalli. Með öðrum orðum, það er ekkert samhengi á milli tryggingargjalds sem greitt er af heildarlaunum félagsmanns og áunnina réttinda til atvinnuleysisbóta. Veldur þetta gríðarlegu óöryggi meðal félagsmanna okkar.

Leiðsögn telur því rétt að skoða aðrar sértækar leiðir. T.d. mætti miða við að ef leiðsögumaður nær lágmarks mánaðartaxta að meðaltali s.l. 12 mánuði og af því verið greidd tekjutrygging þá sé það metið sem 100% vinna. Nauðsynlegt er að skoða allt tímabilið þ.e. ekki mánuð fyrir mánuð því ferðaþjónustan er sveiflukennð grein, sem fylgir árstíðum og fríum erlendra ferðamanna. Þ.a.l. geta leiðsögumenn haft stopula vinna einhverja mánuði, undir lágmarkstekjum, en mjög mikla yfirvinnu aðra mánuði.

Einnig mætti skoða önnur úrræði t.d. borgaralaun eða aðra útfærslu. Bera má bera störf og stöðu ferðaráðinna leiðsögumanna við stöðu listamanna og ef til vill væri rétt að skoða sérstök úrræði eða lausn sameiginlega fyrir þessa hópa.

Rétt er að benda á að ferðþjónustan tók við mörgum sem voru á atvinnuleysissskrá eftir síðasta hrun og er nú stærsta atvinnugrein landsins. Starf leiðsögumannsins hefur því orðið að heilsársstarfi hundruða manna. Eitt og annað hefur verið gert í kjarasamningum til að styrkja almennan kjarasamningsbundinn rétt félagsmanna en lítið borið á því að látið hafi verið á hann reyna, enda nýtur starfið engrar lögverndar og hver sem er þykir til þess hæfur að stýra hópi ferðamanna um landið. Stjórnvöld hafa heykst við að taka á málum ferðþjónustunnar og skapa henni ramma sem tryggir launafólki rétt. Samkeppnin er óeðlileg, mjög mikið um undirborganir og ólöglegar ráðningar.

Vonandi gefa þessir skritnu tímar sem við nú lifum okkur andrými, og kjark, til að setja þessari atvinnugrein ramma og stöðva ástand sem líkist helst villta vestrinu og er í engu samræmi við þann metnað sem við Íslendingar ættum að hafa sem síðað nútímasamfélag.

Fh.stjórnar Leiðsagnar -stéttarfélags leiðsögumanna,

Pétur Gauti Valgeirsson formaður

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Umsögn um mál 664 - Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa (minnkað starfshlutfall).

Samtök atvinnulífsins fagna framlagningu frumvarpsins og áformum um hraða gildistöku þess svo það megni að sporna gegn yfirvofandi fjöldaupsögnum starfsfólks af völdum Covid-19 heimsfaraldursins.

Samkvæmt 17. gr. laga um atvinnuleysistryggingar á launamaður sem missir starf sitt að hluta rétt á bótum sem nema mismun á fullum bótum og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram. Samkvæmt 32. gr. á launamaður rétt á tekjutengdum bótum í þrjá mánuði sem nema 70% af meðaltali heildarlauna sex mánuði áður en hann varð atvinnulaus. Hámark tekjutengdra bóta er nú 456.404 kr. á mánuði. Samkvæmt 36. gr. skerðast bæturnar um starfshlutfall og um helming þeirra tekna sem umfram eru samanlagðar tekjur af hlutastarfi og fullar bætur, sem nú eru 289.510 kr. að viðbættu frítekjumarki, sem nú er 71.262. Framangreindar reglur fela í sér mjög bratta tekjuskerðingu tekjutengdra bóta.

Í frumvarpinu felst umtalsverður viðbótarréttur fyrir launafólk sem missir starf sitt að hluta. Efni frumvarpsins er í hnotskurn eftirfarandi.

1. Forsenda fyrir greiðslum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er tímabundinn samdráttur í starfsemi atvinnurekanda.
2. Réttur til tekjutengdra atvinnuleysisbóta vegna skerts starfshlutfalls, **án undangenginnar uppsagnar.**
3. Viðbótarréttur skv. frumvarpinu er bundinn við tímabilið 15.3-1.7 2020.
4. Bótaréttur verður óskertur að tímabilinu loknu þótt launamaður hafi notið réttar skv. frumvarpinu.
5. Föst laun fyrir skert starfshlutfall skerða ekki tekjutengdar bætur.
6. Forsenda réttar skv. frumvarpinu er að fyrra starfshlutfall minnki um 20% og verði að lágmarki 50%.
7. Laun og bætur verði að hámarki 80% af meðaltali launa á þriggja mánaða viðmiðunartímabili áður en starfshlutfallið var skert.
8. Laun fyrir skerta hlutfallið og bætur verði að hámarki 650 þús. kr. á mánuði.

Meginmarkmið frumvarpsins er að aðstoða fyrirtæki við að halda ráðningarsambandi við starfsfólk sitt þar til aðstæður skýrast, eins og segir í greinargerð.

Að mati Samtaka atvinnulífsins er þessi tímabundna aðgerð, að hvetja fyrirtæki sem nú þegar hafa orðið fyrir miklum tekjusamdrætti og sjá fram á slíkt ástand næstu mánuði, til þess að bjóða starfsfólki sínu skert starfshlutfall í stað uppsagnar. Starfsfólk, sem í mjög mörgum tilvikum hefur þriggja mánaða uppsagnarfrest, stendur því frammi fyrir vali milli tveggja kosta, að taka tilboði um skert starfshlutfall með því tekjutapi sem því fylgir eða uppsögn á föstum launum í allt að 3 mánuði og síðan þriggja mánaða tekjutengdar atvinnuleysisbætur. Valið er starfsmannsins.

Því meiri sem skerðing tekjutengdu bótanna er þeim mun líklegri er að starfsfólk láti uppsögn yfir sig ganga. Í frumvarpinu eru skerðingarnar svo miklar að verulega dregur úr áhrifamætti þessa úrræðis.

Samkvæmt lögum 134/2009, sem samþykkt voru í desember 2009, var hámark launa og bóta 491.318 kr. Frá þeim tíma hefur launavísitalan hækkað um 90% og sú tala á núgildandi verðgildi launa um 950 þús. kr.

Samkvæmt 80% reglunni fær starfsmaður sem fer úr 100% starfi í 80% engan rétt.

Sú regla að skerðing starfshlutfalls niður fyrir 50% skapi engan rétt tekur ekki mið af því neyðarástandi sem ríkir í atvinnulífinu, einkum ferðapjónustu, þar sem tekjufall er þegar orðið 90-100% og fyrirjáanlegt að ástandið muni ríkja næstu mánuði.

Samtök atvinnulífsins telja því að úrræðið sé ekki nægilega skilvirkt, hvorki fyrir launafólk né fyrirtæki, einkum vegna þess að skerðingarákvæði þess ganga of langt. Þótt kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs kunnir að verða mikill af rúmum reglum getur ávinningur þessa tímabundna úrræðis orðið mjög mikill, ekki aðeins fyrir viðkomandi launafólk og fyrirtæki, heldur einnig fyrir ríkissjóð og samfélagið allt, þar sem fyrirtækin munu fyrr geta komst upp úr öldudalnum.


Samtök atvinnulífsins leggja því til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Skerðing starfshlutfalls í 25% skapi rétt skv. frumvarpinu, í stað 50%.
2. 80% reglan verði felld brott.
3. 650 þús. kr. hámarkið verði felld brott – til vara að það verði hækkað í 950 þús.kr.

Í greinargerð er áætlað að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna ákvæða frumvarpsins verði 755 m.kr. á tímabilinu. Í matinu er byggt á reynslunni eftir fjármálahrunið þegar hlutfall þeirra sem voru á atvinnuleysisskrá vegna minnkaðs starfshlutfalls var um 10% af heildarfjölda atvinnuleitenda og að meðalútgjöld vegna hvers einstaklings verði 215 þús. kr. á mánuði.

Framangreint mat á útgjöldum sjóðsins er úrelt því á örfáum dögum hafa forsendur gerbreyst vegna alþjóðlegs ferðabanns. Útlit er fyrir að úrræðið fái mikla útbreiðslu og ef farið verður að tillögu SA þá mun það verða fýsilegra fyrir fleiri starfsmenn en frumvarpið gerir ráð fyrir. En ekki nægir að líta á þrönga fjárhagslega hagsmuni Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar lagt er mat á aðgerðina heldur verður einnig að leggja mat á ábata hennar. Ef aðgerðin heppnast munu færri fyrirtæki verða gjaldþrota og þau sem njóta hennar komast fyrr út úr vandanum. Þannig mun fjárhagur Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóðs styrkjast vegna hennar þegar fram í sækir.

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa (minnkað starfshlutfall)

150. löggjafarþing 2019-2020

Þingskjal 1128 - 664. mál

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur áherslu á að hugað sé að stúdentum við breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar og aðgerðum ríkisins vegna COVID-19 sjúkdómsins. Ljóst er að háskólum landsins hefur verið lokað í fjórar vikur vegna COVID-19. Hefur það reynt töluvert á stúdenta, sérstaklega þá stúdenta sem vinna nú að lokaverkefnum. Kvíða margir fyrir framhaldinu, óvissu um námslok og öðru sem framtíðin ber í skauti sér. Háskólasamfélagið hefur þó tekið höndum saman og eru öll að gera sitt besta í að bregðast við þessum fordæmalausu óvissutímum og reynt er að tryggja eðlilega námsframvindu. Stúdentaráð hvetur ríkisstjórnina og þingheim til að gera sitt í að koma til móts við stúdenta.

Stúdentar og atvinnuleysi

Til að gera grein fyrir umsögn Stúdentaráðs telur ráðið nauðsynlegt að rekja stöðu stúdenta stuttlega, sérstaklega þegar kemur að geðheilbrigði, stöðu á vinnumarkaði, fjárhag og atvinnuleysisbótum.

Samkvæmt [rannsókn](#) frá 2018 um geðheilbrigði stúdenta kom fram að 34,4% nemenda í HÍ, HR og HA mældust yfir klínískum mörkum þunglyndis og tæp 20% yfir klínískum mörkum kvíða. Stúdentaráð hefur síðan þá fengið frekari kynningu á öðrum rannsóknum, sem eru nú til úrvinnslu, á geðheilsu stúdenta í Háskóla Íslands. Ráðið fékk kynningu á frumniðurstöðum sem sýna að marktækur munur er á kvíða, streitu og þunglyndi háskólanema í HÍ, miðað við sama aldurshóp á landsvísu og mælast stúdentar HÍ þar hærri í öllum tilvikum. Það er því nauðsynlegt að stúdentar fái skýr og aðgengileg svör frá stjórnvöldum um sína stöðu og dregið verði sem mest úr þeirri óvissu sem við þeim blasir, sem allra fyrst.

Ljóst er að lántökum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna hefur fækkað svo um munar á undanförunum árum og eru því sífellt færri stúdentar sem treysta á framfærslu LÍN. Þá skal einnig benda á að raunveruleiki margra stúdenta er þannig að framfærsla námslána dugar þeim ekki og vinna því lántakar margir hverjir einnig með námi. Fjárhagserfiðleikar stúdenta eru nú þegar þriðja algengasta ástæða þess að stúdentar tefjast í námi í eitt ár eða meira, samkvæmt [EUROSTUDENT VI](#), sjá bls. 12.

Stúdentar á Íslandi vinna almennt mikið með námi, sérstaklega í samanburði við Norðurlöndin. Samkvæmt EUROSTUDENT VI, sjá [hér](#), eru aðeins 31.8 % stúdenta ekki í neinni vinnu meðan námi stendur. Þá vinna 49.5% stúdenta allt skólaárið með námi og 18.7% stúdenta vinna stöku sinnum með námi eða “occasional paid job”. Af þeim 49.5% stúdenta sem eru í reglulegri vinnu með námi, verja þeir að meðaltali [26 klst á viku](#) í vinnu og er því ljóst að um hlutastörf er að ræða að stóru leyti hjá þeim hópi. Ástæður þess að stúdentar vinna með námi er í 86% tilvika til að eiga fyrir reglulegum útgjöldum [og segja 71% námsmanna](#) að án launaðs starfs hefðu þeir ekki efni á að vera í námi. Er því ljóst að grípa þarf þennan hóp þegar kemur að stöðu þeirra á vinnumarkaði vegna COVID-19 svo námsferill og framvinda þeirra fari ekki í uppnám.

Varðandi 1. gr. a. (XII.)

Helsta athugasemd Stúdentaráðs lýtur að fyrstu málsgrein a-liðar frumvarpsins.

Skilyrði ákvæðisins eru þau að það eigi við um aðstæður þeirra sem falla undir 17. gr. laganna vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Ljóst er að 17. gr. laganna, eins og hún stendur í dag, tekur til þeirra sem falla undir 3. gr. laganna um launamenn en þeir eru skilgreindir þannig: *Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði og greitt er tryggingagjald vegna starfsins samkvæmt lögum um tryggingagjald.* Þessu til viðbótar gerir a-liður frumvarpsins það að skilyrði að fyrra starfshlutfall þarf að hafa lækkað hlutfallslega um 20% hið minnsta og launamaður haldið að lágmarki 50% starfshlutfall. Þar með er gildissvið a-liðar frumvarpsins orðið mjög þröngt. Ljóst er að einstaklingar sem ákvæðið nær til mega minnst hafa verið í 70% starfshlutfalli til að eiga rétt á úrræðinu.

Sé meðalnámsmaður sem vinnur allt skólaárið með námi, samkvæmt EUROSTUDENT, settur inn í þetta dæmi er ljóst að úrræðið gagnast honum ekki. Sá hópur ver að meðaltali 26 klst. á viku í vinnu. Sé gert ráð fyrir 40 klst. vinnuviku (eins og meðalvinnuvikan var þegar EUROSTUDENT var framkvæmd), í fjórar vikur hvern mánuð (160 klst. vinnumánuð) er um að ræða starfshlutfall upp á 65%.

Sé meðalnámsmaður, óháð vinnu allt skólaárið eða tilfallandi vinnu með skóla, settur inn í dæmið er ljóst að sá er algjörlega útilokaður frá úrræðinu. [Slíkur meðalnámsmaður ver 15 klst. í vinnu vikulega](#) og ef gert er ráð fyrir samskonar forsendum og að framan er viðkomandi í starfshlutfalli upp á 37,5%.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Almenn skilyrði þess að launamaður eigi rétt á atvinnuleysistryggingum má finna í 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Eitt skilyrði þeirra er að vera í virkri atvinnuleit skv. 14. gr. laganna. Stúdentar teljast ekki vera í virkri atvinnuleit og eiga almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Telur Stúdentaráð því ljóst að hvorki frumvarpið, né lög nr. 54/2006 geti gripið þá stúdentu sem munu missa starfshlutfall eða störf vegna COVID-19. Á sama tíma er ljóst að yfirgnæfandi meirihluti stúdentu sem vinna með námi gera það til að eiga fyrir nauðsynlegum útgjöldum og til að eiga efni á að stunda nám sitt.

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að ráðist verði í aðgerðir til að koma til móts við stúdentu og býður ráðið fram krafta sína við samningu þeirra aðgerða. Leggur Stúdentaráð til samningu sér frumvarps vegna þess eða eftirfarandi úrbætur á frumvarpi þessu:

Hugmyndir að úrbótum:

Ljóst er að sú aðgerð sem léttir undir með flestum þeim sem ekki falla undir skilyrði fyrstu málsgreinar, er að lækka starfshlutföllin sem tilgreind eru í ákvæðinu. Stúdentaráð vill koma þeim athugasemdum á framfæri að slík lækkun hefði lítil áhrif fyrir þá stúdentu sem vinna lítið með námi en þurfa þó nauðsynlega á þeim tekjum að halda. Leggur því Stúdentaráð til sértækari breytingar:

Stúdentaráð veltir upp hvort rétt sé að víkka gildissvið a. (XIII.) þegar kemur að stúdentum. Hægt væri að bæta við málsgrein sem gæti tæki á því að skilyrði um hlutfallslega lækkun starfshlutfalls um 20% hið minnsta og að halda þurfi 50% starfshlutfalli, eigi ekki við um stúdentu.

- Stúdentar gætu verið skilgreindir samkvæmt greinargerð með frumvarpinu, sem hver sá sem skráður var í háskólanám á skólaárinu 2019-2020. Í ljósi óvissuástandsins er ekki talið ráðlegt að skilgreina stúdentu út frá námsframvindu sinni á árinu. Sjúkra- og endurtektarpróf vegna haustannar hafa flest ekki farið fram og má hér benda á að LÍN hefur þegar gert undanþágur á kröfum sínum um námsframvindu þegar kemur að lánsrétti og útborgun námslána.
- Hvers kyns lækkun á starfshlutfalli þeirra stúdentu sem flokkast sem launamenn skv. 3. gr. laganna, og þurfa að taka á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfshlutfalls vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess sem þeir starfa hjá, ætti að vera bætt með atvinnuleysistrygginum.
- Stúdentaráð telur einnig að þeim stúdentum sem sagt er upp störfum vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess sem þeir starfa hjá, ættu að eiga rétt á atvinnuleysistryggingum í samræmi við starfshlutfall síðustu þriggja mánaða.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- Er hér um að ræða örlítið aðrar áherslur en frumvarpið tilgreinir nú, enda aðeins rætt um minnkað starfshlutfall í frumvarpinu sem gerir þá ráð fyrir að viðkomandi muni enn vera í einhverju starfshlutfalli. Raunin er þó sú að margir stúdentar eru í litlu starfshlutfalli eða undir 40% og standa líkur til þess að fyrirtæki þurfi að grípa til þess að minnka tímabundið eða draga alveg úr vinnu hlutastarfsfólks. Ættu þeir stúdentar engu að síður að geta treyst á að stjórnvöld grípi þá einstaklinga.

Stúdentaráð telur mögulegt að koma þessum breytingum í gegn með frumvarpinu sem um ræðir en leggur áherslu á að ráðið er einnig opið fyrir sérstöku frumvarpi sem tekur á þessum vanda stúdenta. Stúdentaráð leggur áherslu á samráð við samningu og útfærslu þeirra leiða. Byður ráðið fram krafta sína í slíka samvinnu.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

*Jóna Þórey Pétursdóttir
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*